

S A M Þ Y K T

fyrir

68

9. okt.

Nautgripaábyrgðarfjelag Vatnsleysustrandarhrepps.

1. gr.

Ábyrgðarfjelag þetta nær yfir Vatnsleysustrandarhrepp, og er öllum, sem á því svæði eiga nautgrip — eins árs eða eldri — skylt að tryggja hann í fjelaginu, gegn því gjaldi og með þeim skyldum og skilyrðum, er samþykkt þessi ákveður, og sem síðar kann að verða ákveðið. —

2. gr.

Stjórn fjelagsins skipa 3 menn, formaður, gjaldkeri og ritari — og 3 til vara, er gegna störfum í forföllum hinna — er kosnir skulu á aðalfundi, og gildir kosning þeirra til eins, tveggja og þriggja ára, þannig, að fyrstu tvö árin gengur einn úr stjórn og varastjórn, eftir hlutkesti, en úr því þeir elstu úr stjórninni. — Stjórnarmenn má endurkjósa, þó er enginn skyldur til að taka við kosningu fyr en eftir jafnlangan tíma og hann hefir verið í stjórninni. Einnig skal á hverjum aðalfundi kjósa 2 endurskoðendur reikninga fjelagsins. Stjórnin og endurskoðendurnir vinna verk sín endurgjaldslaust, annað en þegar stjórnin fer eftirlitsferðir sínar, samkv. 5. og 8. gr.; bera þá hverjum nefndarmanni 2 krónur á dag og hlutfallslega minna fyrir skemri tíma.

3. gr.

Í tryggingarsjóð fjelagsins greiði hver fjelagi 5 krónur fyrir hvern þann grip, er hann tryggir í fjelaginu, í gjalddaga 1. júlí, og er hann háður lögum fjelagsins á meðan hann er í því og hefir þá rjett til skaðabóta svo sem samþykkt þessi mælir fyrir. Sje iðgjaldið eigi greitt í rjettan gjalddaga (1. júlí), eru gripir þeir, sem vanborgað er fyrir, ekki í ábyrgð fyr en gjaldið er að fullu greitt.

4. gr.

Stjórnin skal halda bók, er nefnist „gripabók“; í hana skal hver trygður gripur bókfærður með nafni, aldri, lit og einkennum, ef til eru. Einnig skal stjórnin hafa fundabók, bæði fyrir stjórnar- og fjelagsfundi, og reikningsbók, er sýni viðskifti hvers fjelaga við fjelagið; einnig sjóðbók og dagbók.

5. gr.

Jafnframt og gripeigandi tilkynnir, að hann vilji tryggja grip, skal einhver úr stjórninni fara og skoða hann, og ef hann álist tryggingarhæfur,

68 innrita hann í gripabókina, en leiki vafi á, að gripurinn sje tryggingarhæfur, 9. okt. skal öll stjórnin koma til og skera úr. Auk þess sem stjórnin skoðar fyrir 1. júlí árlega, skulu tvær skoðanir fara fram á hverjum vetri, og er fódurbirgða-eftirlitsmönnum falið að framkvæma þær um leið og þeir fara eftirlitsferðir. Þeir skulu tafarlaust tilkynna stjórninni skriflega, ef þeir álíta, að einhverjum grip sje þannig farið, að honum sje hættu búin eða þeir álíti hann ekki tryggingarhæfan eins og hann þá er. Skal þá stjórnin þegar fara á vettvang og gera þær ráðstafanir, er henni þykja við eiga, og skal hver fjelagsmaður skyldur að hlíta úrskurði hennar í þessu efni. Sje eiganda um að kenna, er gripurinn að sjálfsögðu þegar úr ábyrgðinni, þar til hann aftur, að dómi stjórnarinnar, álitst tryggingarhæfur.

6. gr.

Til þess að gripur geti álitst tryggingarhæfur, verður hann að dómi stjórnarinnar að vera heilbrigður, gallalaus og í góðu standi.

7. gr.

Nú ferst trygður gripur af þeim ástæðum, sem eigi er hægt að gefa eiganda að sök, skal þá eigandi eða umráðamaður gripsins tilkynna stjórn sjóðsins slysið tafarlaust, og skal skýrsla tveggja óvilhallra bænda, búsettra í hreppnum eða dýralæknis, fylgja um það, hvernig slysið hafi aðborið, og eftir það úrskurðar stjórn sjóðsins, hvort bæta skuli gripinn eða ekki eftir samþykkt þessari. Úrskurði hennar getur hlutaðeigandi skotið undir næsta aðalfund, og ræður þá einfaldur meiri hluti atkvæða úrslitum málsins, enda sje ekki minna $\frac{2}{3}$ fjelagsmanna á fundi.

8. gr.

Sje gripi ráðstafað á árinu út fyrir tryggingarsvæðið eða drepinn fríviljuglega, getur annar gripur komið í hans stað inn í trygginguna hjá sama gjaldanda án frekara iðgjalds, eftir að stjórnin, á kostnað eiganda, hefir álitst hann tryggigarlæfan. Gangi gripur kaupum og sölum innan tryggingarsvæðisins, fylgir tryggingin gripnum þó eigendaskifti verði. Einnig má tryggja grip hvenær sem er á árinu, en iðgjaldð gildir til 1. júlí næsta á eftir.

9. gr.

Eftir að úrskurður hefir fallið þann veg, að dauðan grip skuli bæta, skal bæta hann með $\frac{1}{3}$ — þriðjung — virðingarverðs þess, er stjórnin álitur hann mundi hafa gengið kaupum og sölum innanhrepps á þeim tíma, er hann fórst.

10. gr.

Bætur skulu greiddar í þeirri röð, sem gripir farast. Hrökkvi eigi sá

hluti sjóðsins til, sem eftir 11. gr. samþýktar þessarar, má verja til árlegra skaðabóta, er röðin flutt yfir á næsta ár.

68
9. okt.

11. gr.

Úr sjóðnum má aldrei verja meiru til árlegra útgjalda, en helming af árlegum tekjum hans og helming af sjóði þeim, er var við síðustu áramót. Sjóðinn skal ávaxta í sparisjóði, og er reikningsár hans almanaksár. Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram endurskoðaðir í janúar ár hvert á aðalfundi, er jafnan skal halda í þeim mánuði, eftir að hann hefir verið boðaður um hreppinn með nægum fyrirvara.

12. gr.

Hætti „Nautgripaábyrgðarfjelag Vatnsleysustrandarhrepps“ að starfa sem ábyrgðarfjelag, skal með eignum þeim, er fjelagið þá kynni að eiga, mynda sjerstakan sjóð, sem páverandi hreppsnefnd semji skipulagsskrá fyrir, sem verja má á einhvern hátt í framtíðinni til eflingar landbúnaði innanhrepps. Myndist á ný tryggingarfjelag í líkum tilgangi og þetta fjelag, fellur allur sjóðurinn undir það.

13. gr.

Samþýkt þessari má breyta á sama hátt og hún er mynduð, samkv. lögum nr. 50, 20. desbr. 1901, um samþýktir um ábyrgðarsjóði fyrir nautgripi, sbr. lög nr. 34, 11. desbr. 1891, 2.—3. og 4. gr.

14. gr.

Brot gegn samþýkt þessari varða sektum frá 1—20 kr., er renna í ábyrgðarsjóð. Með brot gegn samþýktinni skal fara sem almenn lögreglumál. Iðgjöld samkvæmt samþýktinni hafa lögtaksrjett.

Samþýkt þessi, sem sýslunefnd Gullbringusýslu hefir samið og samþýkt, staðfestist hjer með samkvæmt lögum nr. 30, 20. desember 1901 til að öðlast gildi 1. nóvember 1924.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. október 1924.

Magnús Guðmundsson.

Oddur Hermannsson.